



Fjarfundur í AST ásamt bæjarstjórum á Suðurnesjum

Fundur 16. október 2020 kl. 13:00

Mætt: Grímur Hergeirsson (LSS), Margrét Kristín Pálsdóttir (LSS), Bjarney S. Annelsdóttir (LSS), Gunnar Schram (LSS), Jón Guðlaugsson (BS), Andrea Hauksdóttir (HSS), Fjölur F. Guðmundsson (HSS), Alma María Ragnarsdóttir (HSS), Arngrímur Guðmundsson (LSS), Arnar Steinn Elísson (Svæði2), Kjartan Már Kjartansson (RNB), Fannar Jónasson (GRI), Magnús Stefánsson (SUD), Ásgeir Eiríksson (Vogar), Jón Guðlaugsson (BS) og Hannes Friðriksson (RKÍ).

1. Grímur Hergeirsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til fundarins sem boðað var til með stuttum fyrirvara.
2. Fjölur F. Guðmundsson, sóttvarnarlæknir umdæmisins fór yfir stöðuna í dag. 46 einstaklingar í einangrun, 39 á svæðinu og 444 í sóttkví. Talaði um að þetta væri aðeins uppvíð og að öll ný smit síðasta sólarhring nema 1 hafi verið í sóttkví. Sagði það gott en líka áhyggjuefni að sú prósentutala sem talað er um að smitist í sóttkví gæti reynst þung.
3. Andrea talaði um metsýnatöku í dag, 260 sýni. Þar af voru 200 einkennalaus og 60 einkenna sýni. Fjallaði um mikið umferðaröngþveiti en lögreglan hefði verið að reyna að aðstoða en fólk virðist eiga erfitt með að fara að fyrirmælum.
4. Jón Guðlaugsson, slökkviliðstjóri talaði um að nóg af verkefnum ennþá og einhverjir starfsmenn í sóttkví en einn í einangrun en sá væri að losna.
5. Kjartan Már, bæjarstjóri RNB talaði að staðan væri svipuð. Ræddi að það væru raddir innan neyðarstjórnar RNB sem vildu ganga lengra í takmörkunum á svæðinu, líkt og á höfuðborgarsvæðinu. Fjölur hafði samband við Þórólf meðan á fundinum stóð og hann taldi ekki ástæðu til þess að herða aðgerðir meðan staðan væri þessi. Hann sagði hins vegar að ef við myndum fá stóra hópsýkingu þá væri sviðsmyndin öðruvísi.
6. Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri í Vogum fór yfir stöðuna. Staðan góð, talaði um starfsfólk í skólanum og leikskólanum sem væru komin í sóttkví.
7. Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ fór yfir stöðuna. Talaði um að þeir hafi ekki skipt upp starfseminni en þurfi að skoða það núna betur. Talaði um að gott væri að fá skiptinguna á milli svæða reglulega.
8. Arnar Steinn frá svæðisstjórn, svæði 2 hjá Landsbjörgu talaði um að staðan sé óbreytt hjá þeim frá síðasta fundi.
9. Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur talaði um að allt gengi vel. Þau séu alveg skipt á vinnustaðnum og það hafi komið sér vel þar sem starfsmaður frá þeim hafi farið í sóttkví og ekki reyndi á að fleiri hefðu þurft að fara vegna góðrar hólfunar. Hann talaði líka um tekin hafi verið sú ákvörðun að eingöngu þeir sem hafa nú þegar kort í sundlauginu geti sótt hana, ekki séu seld ný kort eða stök skipti. Þetta hafi bæjarbúar verið ánægðir með, ekki síst eldra fólkið.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

10. Rætt var um mögulegt húnæði fyrir viðbragðsaðila og aðra ef þeir þyrftu að fara í sóttkví utan heimilis. Það er samningur við SÍ fyrir lögreglu að aðra viðbragðsaðila en aðrir þurfi að kanna þetta sérstaklega. Líka umræða um sóttvarnarhús hér en Þórólfur sagði það í samtali við Fjölni að slíkt væri ekki á teikniborðinu en verið er að opna annað slíkt hús fyrir erlenda aðila og fíkla á höfuðborgarsvæðinu.

Grímur talaði um að hittast aftur nk. Mánudag. Talaði jafnframt um það að ef aðstæður breytast þá myndum við bregðast hratt við. Næsti fundur ákveðinn þann 19.10.2020 kl. 13:00.

Fundi slitið klukkan 13:35.